



Reglur um verðbréfalán Seðlabanka Íslands f.h. ríkissjóðs til aðalmiðlara ríkisverðbréfa

Reglur þessar eru settar á grundvelli 9 gr. samnings dags. 23. maí 2008 á milli Seðlabanka Íslands fyrir hönd ríkissjóðs og aðalmiðlara um útgáfu ríkisskuldabréfa og viðskiptavakt á eftirmarkaði. Samkvæmt samningnum á aðalmiðlari þess kost að fá ríkisverðbréf lánuð (hér eftir nefnd lánsbréf) tímabundið hjá Seðlabanka Íslands gegn tryggingu.

1. gr.

Lánstími

Aðalmiðlari getur óskað eftir verðbréfaláni alla viðskiptadaga OMX Norrænu kauphallarinnar á Íslandi frá opnun þar til 15 mínútur eftir lokun markaða. Hámarkslánstími er 28 dagar, þ.e. vikudagur til sama vikudags 4 vikum seinna. Sé uppgjörsdagur frídagur þá styttest hámarkslánstíminn og uppgjörsdagur færast aftur til síðasta viðskiptadags á undan frídegi sem kauphöllin er opin. Alþjóða- og markaðssvið (Lánamál ríkisins) Seðlabanka Íslands annast samskipti við aðalmiðlara vegna verðbréfalána.

2. gr.

Lánalínur og lánaflokkar

Upplýsingar um lánalínur og lánaflokka er að finna í skilmálum um verðbréfalán til aðalmiðlara sem birt er á vefsíðunni www.lanamal.is.

3. gr.

Fjárhagslegar tryggingarráðstafanir

Um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir vegna verðbréfalána Seðlabankans til aðalmiðlara fer skv. lögum nr. 46/2005.

Samning um fjárhagslega tryggingarráðstöfun skal gera skriflega eða með rafrænum hætti þannig að sanna megi stofnun tryggingarráðstöfunarinnar með lögformlegum hætti.

Í samningi skal tilgreina til hvaða skuldbindinga og trygginga samningurinn nær.

4. gr.

Hæfar tryggingar

Hæfar tryggingar geta verið:

1. Innstæðubréf Seðlabanka Íslands.



2. Ríkisskuldabréf og íbúðabréf.
3. Skuldabréf og víxlar sem uppfylla skilyrði um tryggingarhæfi í viðskiptum við Seðlabankann sbr. 5. og 6. gr.
4. Sértryggð skuldabréf (e. covered bonds) sem njóta sérstaks fullnusturéttar í tryggingasafni útgefanda og uppfylla kröfur laga nr. 11/2008.
5. Bundin innlán fjármálafyrirtækja við Seðlabankann skv. c. lið 1. tl. 7. gr reglna nr. 808/2008 um viðskipti fjármálafyrirtækja við Seðlabanka Íslands.
6. Reiðufé í íslenskum krónum skv. ákvörðun Seðlabankans.

5. gr.

Skilyrði fyrir tryggingarhæfi verðbréfa

1. Verðbréfin skulu vera gefin út í íslenskum krónum.
2. Verðbréfin skulu vera rafrænt skráð í verðbréfamiðstöð sem Seðlabankinn viðurkennir.
3. Útgefið markaðsvirði flokks sé yfir 3 milljarðar kr. og staðfest sé að það magn hafi selst.
4. Útgefandi hafi lánshæfismat frá einhverju þessara þriggja matsfyrirtækja: Standard & Poor's, Moody's eða Fitch. Lágmarkslánshæfiseinkunn útgefanda og sérvarinna skuldabréfa eru þau sömu og Seðlabankinn setur í skilmálum um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir í reglulegum viðskiptum við Seðlabanka Íslands.
5. Verðbréfin hafi viðskiptavaka á skipulegum verðbréfamarkaði eða viðurkenndum upplýsingaveitum sem Seðlabankinn samþykkir.

6. gr.

Takmarkanir á tryggingarhæfi verðbréfa

Fjármálafyrirtæki ábyrgist að verðbréf lögð fram til fjárhagslegrar tryggingarráðstöfunar vegna verðbréfalána við Seðlabankann séu veðbanda- og kvaðalaus.

Ekki er heimilt að leggja fram víkjandi skuldabréf til tryggingar.

Útgefanda er ekki heimilt að leggja fram eigin skuldabréf eða víxla til tryggingar fyrir eigin viðskiptum hjá Seðlabankanum önnur en sértryggð skuldabréf. Auk þess er óheimilt að leggja fram skuldabréf eða víxla útgefanda sem viðkomandi fjármálafyrirtæki á virkan eignarhlut í sbr. 2. mgr. 40. gr. laga nr. 161/2002.

Seðlabankinn getur ákveðið hversu mikið af ótryggðum verðbréfum hver aðalmiðlari má leggja fram sem tryggingu fyrir lánsbréfum. Með ótryggðum verðbréfum er átt við verðbréf sem falla undir 3. tl. 4. gr. Seðlabankinn getur einnig ákveðið hversu mikið aðalmiðlari má setja af ótryggðum verðbréfum frá einstökum útgefendum. Framangreindar takmarkanir eru að finna í skilmálum um verðbréfalán til aðalmiðlara sem birt er á vefsíðunni www.lanamal.is.

*7. gr.***Umsókn um mat á tryggingarhæfi verðbréfa**

Seðlabankinn getur í sérstökum tilvikum samþykkt verðbréf til tryggingar þrátt fyrir að þau uppfylli ekki skilyrði 1. – 5 t.l. 5. gr. um tryggingarhæfi.

Umsókn um að verðbréf verði metið hæft til tryggingar skal senda til alþjóða- og markaðssviðs Seðlabankans á þar tilgerðu eyðublaði “Umsókn um tryggingarhæfi verðbréfa.doc” sem er að finna á vefsíðu bankans. Umsókn um tryggingarhæfi verðbréfa verður að berast í síðasta lagi 1 degi fyrir viðskiptadag. Sé verðbréf vistað í erlendri verðbréfaskráningu eða gert upp í erlendri uppgjörsmiðstöð verður umsókn að berast í síðasta lagi 2 dögum fyrir viðskiptadag. Seðlabankinn leitast við að afgreiða umsókn innan þessa tímafrests en áskilur sér lengri tíma til að afgreiða umsókn. Hafi verðbréf ekki lánshæfiseinkunn eða viðmiðunarverð getur afgreiðslutími umsóknar lengst. Seðlabankinn áskilur sér rétt til að hafna umsókn leiki vafi á tryggingarhæfi verðbréfs.

*8. gr.***Gjalddagar afborgana og vaxta**

Verðbréf lögð til tryggingar skulu að jafnaði valin þannig að ekki sé um að ræða verðbréf með gjalddaga fyrir lok samningstímans.

Heimilt er að setja verðbréf til tryggingar sem afborganir eða vextir greiðast af á samningstíma ef ekki er um lokagjalddaga verðbréfs að ræða. Sé greiðsla innt af hendi til Seðlabankans vegna verðbréfa sem eru þar í vörslu, á aðalmiðlari rétt á að fá greiðsluna til sín. Seðlabankinn hefur þó rétt á að krefjast aukinnar tryggingar sem þeirri greiðslu nemur.

Ef aðalmiðlari er með flokk að láni sem ber árlega fasta vexti ber honum að greiða Seðlabankanum vexti sem flokkurinn ber á vaxtagreiðsludegi. Við greiðslu vaxtanna á aðalmiðlari kost á að fá til baka þann hluta verðbréfs, sem lagt hefur verið til tryggingar, sem svarar til lækkunar lokaverðs lánsbréfs vegna vaxtagreiðslunnar. Seðlabankinn hefur heimild til að krefjast dráttarvaxta verði greiðsla ekki innt af hendi á vaxtagreiðsludegi. Jafnframt hefur Seðlabankinn heimild til að halda eftir og selja verðbréf, sem lagt hefur verið til tryggingar, fyrir andvirði vaxtagreiðslu, auk kostnaðar, þegar liðnir eru þrír dagar frá vaxtagjalddaga og aðalmiðlari hefur ekki enn staðið í skilum.

*9. gr.***Verðmat fjárhagslegra trygginga**

Við mat á verðmæti verðbréfa sem lögð eru til tryggingar skal miða við tilboð, sem eru í gildi á viðskiptadegi ásamt áföllnum vöxtum og verðbótum. Markaðsverðið miðast við hagstæðasta kauptilboð fyrir verðbréf til tryggingar en hagstæðasta sölutilboð fyrir lánsbréf.

Frádrag frá markaðsverði verðbréfa til tryggingar er:

- 2% af verðbréfum þar sem líftími er styttri en eitt ár.

- 5% af verðbréfum þar sem líftími er 1 til 5 ár.
- 7% af verðbréfum þar sem líftími er lengri en 5 ár.

Ef markaðsvirði verðbréfs sem lagt hefur verið til tryggingar lækkar á samningstímabilinu umfram skilgreint frádrag er Seðlabankanum heimilt að krefjast aukinnar tryggingar sem því nemur.

10. gr.

Vörslur verðbréfa.

Verðbréf sem lögð eru fram sem fjárhagsleg tryggingarráðstöfun skulu skráð hjá verðbréfamiðstöð sem hlotið hefur starfsleyfi skv. lögum nr. 131/1997 um rafræna eignarskráningu verðbréfa. Heimilt er að leggja fram verðbréf rafrænt skráð í erlendri verðbréfamiðstöð sem Seðlabankinn viðurkennir.

Verðbréf sem skráð eru í íslenskri verðbréfamiðstöð skulu vistuð á VS reikningi viðkomandi fjármálafyrirtækis á svæði Endurlána ríkissjóðs og jafnframt veðsett Seðlabankanum samkvæmt sérstakri yfirlýsingu þar að lútandi.

Séu verðbréf skráð í erlendri verðbréfamiðstöð skulu þau vistuð hjá vörsluaðila (reikningsstofnun) sem Seðlabankinn viðurkennir.

11. gr.

Afhending rafrænna eigna

Fullnægjandi afhending eigna í Verðbréfaskráningu Íslands telst vera þegar aðalmiðlari afhendir verðbréf til tryggingar inn á reikning Verðbréfaskráningar á sinni eigin kennitölu. Seðlabankinn sækir verðbréfin og flytur á vörslureikning Endurlána ríkissjóðs hjá Verðbréfaskráningu. Því næst afhendir Seðlabankinn lánsbréfin á biðreikning Endurlána ríkissjóðs hjá Verðbréfaskráningu Íslands þar sem aðalmiðlari sækir þau. Ef verðbréfin sem lögð eru til tryggingar og Seðlabankinn á að fá afhent hafa ekki borist rafrænt 30 mínútum eftir lokun markaða, þann dag sem viðskiptin eru gerð, er hægt að ógilda viðskiptin. Á uppgjörssdegi samnings skal aðalmiðlari fyrst skila lánsbréfunum á biðreikning Endurlána ríkissjóðs hjá Verðbréfaskráningu Íslands. Eftir að Seðlabankinn hefur mótttekið lánsbréfin eru verðbréfin sem lögð hafa verið til tryggingar afhent inn á biðreikning aðalmiðlara — á kennitölu aðalmiðlara. Aðalmiðlari skal skila lánsbréfunum fyrir klukkan 14:00 á uppgjörssdegi og Seðlabankinn skal skila verðbréfum sem lögð hafa verið til tryggingar fyrir klukkan 15:00 á uppgjörssdegi en þó aðeins ef lánsbréfunum hefur verið skilað. Ef aðalmiðlari vill gera breytingar á gildandi samningi skal hann óska þess fyrir klukkan 14:00. Ef aðalmiðlari vill gera samning eða breyta samningi með verðbréfum sem vistuð eru í erlendri verðbréfaskráningu skal hann óska þess fyrir klukkan 12:00 ef afhending eigna á að eiga sér stað samdægurs.

Um afhendingu verðbréfa til tryggingar sem ekki eru skráð hjá Verðbréfaskráningu Íslands gildir sú meginregla að verðbréf til tryggingar séu fyrst afhent Seðlabankanum áður en lánsbréf eru

afhent. Á uppgjörstími samnings gildir að verðbréf til tryggingar eru afhent eftir að lánsbréfum hefur verið skilað. Ef möguleiki er á samtímaafhendingu er slíkt einnig leyfilegt.

12. gr.

Uppgjörsvandi

Afhendi aðalmiðlari ekki lánsbréfin á uppgjörstími samnings hefur Seðlabankinn heimild til þess að krefjast dráttarvaxta af upphafsverði lánsbréfanna uns þeim hefur verið skilað. Ef þeir viðskiptadagar hafa liðið frá því að samningurinn rann út og aðalmiðlari hefur enn ekki afhent lánsbréfin hefur Seðlabankinn heimild til þess að selja verðbréf sem lögð hafa verið til tryggingar fyrir eigin reikning, auk þess að innheimta allan þann kostnað og skaða sem hann hefur orðið fyrir. Ef aðalmiðlari hefur afhent lánsbréfin en Seðlabankinn afhendir ekki verðbréf sem lögð hafa verið til tryggingar á uppgjörstími samnings hefur aðalmiðlari heimild til þess að krefjast dráttarvaxta ásamt því að innheimta allan þann kostnað og skaða sem hann hefur orðið fyrir vegna viðskiptanna.

13. gr.

Tilkynningar

Tilkynningar lánastofnana til Seðlabanka Íslands um fjárhagsleg atriði, sem um er fjallað í reglum þessum, er heimilt að senda með tölvupósti eða símbréfi. Nauðsynlegt er að tölvupóstur eða símbréf berist frá aðila sem hefur heimild til að skuldbinda hlutaðeigandi stofnun. Seðlabanki Íslands leggur ríka áherslu á að aðalmiðlari staðfesti á tryggan hátt með símtali þegar samningur er sendur. Símtöl vegna viðskipta eru hljóðrituð.

14. gr.

Þóknun og annar kostnaður

Seðlabanki Íslands reiknar sér þóknunir vegna verðbréfalána. Upplýsingar er að finna í skjalinu „Skilmálar um verðbréfalán til aðalmiðlara“ sem birt er á vefsíðu *Lánamála ríkisins*, www.lanamal.is.

1. Þóknun tekur mið af stýrivöxtum Seðlabanka Íslands, sem settir eru fram og tilkynntir sem nafnvextir. Bankinn afhendir lánsbréf þar sem vextir eru reiknaðir út frá álagi ofan á stýrivexti Seðlabanka Íslands og fær verðbréf til tryggingar þar sem vextir eru reiknaðir út frá frádragi af stýrivöxtunum. Vaxtaútreikningur í tengslum við dagafjölda á lánstímanum er raundagar/360.
2. Tekið er afgreiðslugjald af hverjum samningi.
3. Þóknunir eru greiddar við upphaf samningstímans.

Falli á Seðlabankann kostnaður vegna vörslu verðbréfa, sem eru til tryggingar, á samningstímanum er heimilt að innheimta hann við upphaf samningstímans. Vörslugjöld af íbúðabréfum skráðum í Euroclear eru dæmi um þetta.



15. gr.

Útilokun viðskipta

Seðlabanki Íslands getur án fyrirvara útilokað aðalmiðlara frá frekari viðskiptum samkvæmt reglum þessum hafi hann ekki hlítt ákvæðum þeirra.

16. gr.

Gildistaka

Reglur þessar, sem settar eru á grundvelli samninga sem gerðir voru við aðalmiðlara þann 23. maí 2008, gilda frá og með 26. sept 2008. Um leið falla úr gildi eldri reglur frá 31. janúar 2008 um fyrirgreiðslu Seðlabanka Íslands til aðalmiðlara ríkisverðbréfa.

Reykjavík, 25. september 2008

Alþjóða- og markaðssvið

Lánamál ríkisins

Seðlabanki Íslands